



Það stýttist í sumarfríð!

Félagsmönnum Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni bjóðast fjölbreyttir valkostir næsta sumar hvað varðar sumarhús og íbúðir.

Nú verður í fyrsta sinn í boði sumarhús í Svignaskarði í Borgarfirði. Einnig verða í boði hús á Illugastöðum, í Aðaldal, í Vaglaskógi, í Ölfusborgum og í Vatnsfirði, auk íbúða félagsins í Reykjavík og á Egilsstöðum.

Í öllum okkar íbúðum og sumarhúsum er boðið upp á sjónvarp og útvarp. Þá er samnanbrjótanlegt ungbarnarúm á öllum stöðum, sem og ungbarnastólar.

Nánar er sagt frá þeim húsum og íbúðum sem í boði eru í sumar í opnu fréttabréfsins. Vert er að minnast á að húsin á Illugastöðum, í Vaglaskógi og í Ölfusborgum eru einnig til leigu yfir vetrarmánuðina.

Með fréttabréfinu fylgir umsóknareyðublað sem umsækjendur þurfa að fylla út og senda til félagsins eigi síðar en 30. mars nk. Umsækjendum berst síðan skriflegt svar.

Reksturinn skilaði 10,6 milljóna króna hagnaði

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri og nágrenni (FVSA) var haldinn á Akureyri 14. febrúar sl. Sjúkrasjóður félagsins var rekinn með um 1,3 milljóna króna halla á árinu 2004 og orlofssjóður með 5,2 milljóna króna halla en rekstur félagsins skilaði 10,6 milljóna króna hagnaði þegar á heildina er litið.

Afkoma félagsins var um einni milljón króna lakari en árið á undan. Félagssjóður var rekinn með um 9 milljóna króna hagnaði, samanborið við 5,7 milljóna króna hagnað árið 2003. Afkoma sjúkrasjóðs var neikvæð um 1,3 milljónir króna, samanborið við 2 milljóna króna tap árið áður. Greiðslur úr sjóðnum námu 28,9 milljónum króna á árinu 2004, samanborið við 26,8 milljónir króna árið áður og hafa þær hækkað um 40% á einungis þremur árum.

10% eignarhlutdeild í Orlofsbyggðinni að Illugastöðum

Orlofssjóður var rekinn með 5,2 milljóna króna tapi samanborið við 1,2 milljóna króna tap árið 2003. Meginástæðan fyrir lakari afkomu Orlofssjóðs er sú að ráðist var í umfangsmiklar endurbætur á einu orlofshúsi félagsins að Illugastöðum á árinu og kaup á húsi þar til

viðbótar. FVSA á eftir kaupin 10% eignarhlutdeild í Orlofsbyggðinni að Illugastöðum en átti 7% áður.

Sterk eiginfjárstaða

Sem fyrr segir skilaði rekstur félagsins 10,6 milljóna króna hagnaði á árinu 2004 þegar á heildina er litið. Þar vega vaxtatekjur þungt því þær námu 16,8 milljónum króna.

Eiginfjárstaða félagsins er mjög sterk. Eigið fé þess í árslok 2004 nam 227,7 milljónum króna en skuldir 1,4 milljónum króna.



Aðalfundarfulltrúar hlýða á ræðu nýkjörins formanns félagsins, Úlfhildar Rögnvaldsdóttur. (Sjá frétt á baksíðu).

Of mikið atvinnuleysi í okkar röðum

Um mánaðamótin nóvember desember á liðnu ári voru 69 félagar í FVSA skráðir atvinnulausir. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins, segir að þetta sé allt of mikill fjöldi, „sérstaklega vegna þess að þetta er sá tími ársins sem minnst atvinnuleysi á að vera í okkar stétt. Þarna er verslun í eða að ná hámarki fyrir jólin og því eru þetta alveg sláandi tölur,“ segir hún.

Þeir sem eru á atvinnuleysisskrá eru mikið til fullorðna fólkið og eins ungar mæður með börn. Á síðasta ári var töluvert um uppsagnir á félagsmönnum sem unnu skrifstofustörf, til dæmis hjá BRIMI, einnig var fækkun hjá bókhaldsfyrirtækjum og hjá fyrirtækjum í tölvuþjónustu, vegna hagræðingar eða hreinlega vegna þess að störfin voru flutt annað. Það var ekki til að bæta stöðuna.

„Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að æ fleiri fyrirtæki eru með höfuðstöðvar í Reykjavík og nágrenni,

en útibú hér, og á þetta á bæði við um verslun og aðra þjónustu. Það gefur augaleið að það gerir öll samskipti við æðstu yfirmenn ópersónulegri og erfiðari ef eitthvað bjátar á þar sem þeir eru syðra en við hér.“

Úlfhildur segir að lokum að mjög mikilvægt sé fyrir félagsmenn sem standa í þessum sporum að vera í sambandi við félagið og nýta sér öll þau réttindi sem þeir eiga rétt á.



Frá vinstri: Erla, Kristín, Úlfhildur og Guðrún.

Ókeypis aðstoð við gerð skattaskýrslu

Félagsmenn FVSA hafa átt kost á því mörg undanfarin að fá aðstoð við gerð skattframtals sér að kostnaðarlausu.

Sífelld fleiri félagsmenn notfæra sér þessa þjónustu. Árið 2002 voru það 90 félagar, árið 2003 var talan komin upp í 120 og 131 á liðnu ári. Reiknað er með að enn fleiri nýti þér þessa þjónustu í ár.

Skráning fer fram á skrifstofu FVSA í síma 462 1635, eða með tölvupósti á netfangið fvsa@fvsa.is

Við erum hér fyrir ykkur

Skrifstofa FVSA er að 3. hæð í Alþýðuhúsinu að Skipagötu 14 á Akureyri. Þar starfa þær Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Erla Halls, Guðrún Guðmundsdóttir og Kristín Þorgilsdóttir. Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 8.30 til 16. Síminn er 462 1635. Heimasíðan er www.fvsa.is

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér og nýta sér þá þjónustu sem veitt er á skrifstofu félagsins og koma sjónarmiðum sínum og hugmyndum á framfæri um öll þau mál sem varða félagið og félagsstarfið.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

formaður FVSA - ur@fvsa.is

Úlfhildur stjórnar daglegum rekstri félagsins, annast sjúkrasjóð félagsins, starfsmenntasjóð og aðra almenna afgreiðslu.

Erla Halls

skrifstofumaður - erla@fvsa.is

Erla annast bókhald félagsins, túlkun kjarasamninga, úthlutun orlofsíðnaða og önnur almenn afgreiðslustörf.

Guðrún Guðmundsdóttir

skrifstofumaður - gudrun@fvsa.is

Guðrún starfar í hálfu starfi hjá félaginu. Hún viðheldur félagaskrá og sinnir almennri afgreiðslu.

Kristín Þorgilsdóttir

skrifstofumaður - fvsa@fvsa.is

Kristín starfar í hálfu starfi hjá félaginu. Hún annast skráningu iðgjalda og sinnir almennri afgreiðslu.

75 ára afmæli framundan

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var stofnað 2. nóvember 1930 og því verður félagið 75 ára í ár. Í desember 1930 voru skráðir félagar 26 en í dag eru fullgildir félagar 1605, 995 konur og 610 karlar.

Tímamótanna verður minnst með ýmsum hætti sem verður nánar kynntur þegar nær dregur afmælinu.



Fyrsta stjórn FVSA á Akureyri 1930-1932. Árni Jóhannsson ritari, Halldór G. Aspar formaður og Stefán Ág. Kristjánsson gjaldkeri.

Petta er bara svo gaman

Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir starfar á skrifstofu Brauðgerðar Kr. Jónssonar & Co. Hún er búin að vera félagsmaður í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri í um 26 ár, er í fulltrúaráði félagsins og á einnig sæti í stjórn sjúkrasjóðs félagsins.

„Mitt starf á skrifstofu Brauðgerðarinnar er að svara í síma, taka á móti pöntunum, skrifa út reikninga og slíkt,“ segir Júlía. Aðspurð um hvers vegna hún leggur FVSA lið á þann hátt sem hún gerir, segist hún bara hafa svo gaman að því. „Svo er nú líka það að fólk liggur ekkert sérstaklega á lausu til að starfa fyrir félög í dag. Það er nú bara þannig. Ég er búin að vera í félaginu í um 26 ár en hef nú reyndar ekki verið virk allan þann tíma. Þetta byrjaði með því að ég hóf störf sem trúnaðarmaður í Brauðgerðinni og svo fylgdi hitt bara með. Ég fór í fulltrúaráð félagsins og svo í sjúkrasjóðinn.“

Mikill fjöldi umsókna

„Þegar maður eldist og börnin fara að heiman þá hefur maður líka meiri tíma til að sinna þessu. Það er gaman að geta skilað einhverju til baka í félagið og svo er líka svo skemmtilegt fólk sem er með mér í stjórn sjúkrasjóðsins. Það hefur mikið að segja og ég hlakka alltaf til að hitta það, en við sem erum í stjórn sjúkrasjóðsins hittumst alltaf einu sinni í mánuði og förum yfir umsóknir sem borist hafa og úthlutum úr sjóðnum. Mjög margir sækja um styrki og það er farið fram á ýmislegt. Okkar starf felst í því að meta umsóknirnar, taka afstöðu til þeirra og afgreiða þær. Það er auðvitað líka ýmislegt sem er fast hvað úthlutanir varðar, eins og til dæmis sjúkraþjálfun, sjúkranudd og fleira. Þegar fólk er búin að fullnýta veikindarétt sinn hjá vinnuveitanda eða er á atvinnuleysisbótum og verður veikt, þá tekur sjúkrasjóðurinn við og greiðir sjúkradagpeninga. Við þurfum að yfirfara útreikninga vegna þeirra og afgreiða síðan umsóknirnar.“

Sjúkrasjóður

Sjúkrasjóður FVSA greiðir sjúkradagpeninga til félagsmanna þegar þeir hafa fullnýtt veikindarétt sinn hjá vinnuveitanda. Greitt er í allt að 6 mánuði á hverju 12 mánaða tímabili. Upphæð dagpeninga er 80% af dagvinnutekjum, lágmark 103.000 krónur miðað við fulla vinnu félagsmannsins fyrir veikindin. Með umsókn um sjúkradagpeninga þarf að fylgja læknisvottorð og vottorð frá vinnuveitanda.

Ákveðið hefur verið að niðurgreiða lyfjakostnað félagsmanna í ár með sama hætti og undanfarin ár. Félagið greiðir helming þeirrar upphæðar sem er umfram kr. 20.000 vegna lyfseðilsskyldra lyfja félagsmanns. Einungis þarf að framvísa lyfjaútskrift frá apóteki vegna ársins 2004. Sjúkrasjóður tekur einnig þátt í kostnaði félagsmanna við líkamsrækt, sjúkraþjálfun, sjúkranudd og krabbameinsskoðun. Þá sér sjóðurinn einnig um að greiða út útfararstyrki.



Júlía Sjöfn Sigurjónsdóttir.

Útgjöld sjúkrasjóðs hafa aukist ár frá ári undanfarin ár og í fyrra voru greiddar út tæplega 29 milljónir króna til félagsmanna FVSA. Frá árinu 2002 hafa þessar greiðslur hækkað um tæp 40% og fjöldi styrkja hefur aukist úr alls 888 í 1.064 á sama tímabili.

Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi innanlands það alvarlega að hann geti ekki notið orlofsins skal hann á fyrsta degi tilkynna það atvinnurekanda, t.d. með símskeyti. Fram skal koma hjá hvaða lækni hann hyggst fá læknisvottorð.

Sama gildir ef starfsmaður veikist í landi innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, það alvarlega að það leiði til sjúkrahússvistar (í einn eða fleiri daga).

Fullnægi starfsmaðurinn tilkynningarskyldunni og standi veikindin lengur en í þrjá sólarhringa innanlands eða sex sólarhringa innan EES-svæðisins, í Sviss, Bandaríkjunum eða Kanada, á hann rétt á uppþótarorlofi jafn langan tíma og veikindin sannanlega voruðu. Undir framangreindum kringumstæðum skal starfsmaður ávallt færa sönnur á veikindi sín með læknisvottorði.

Uppþótarorlof skal, eftir því sem kostur er, veitt á þeim tíma sem launþegi óskar og skal veitt á tímabilinu 2. maí til 15. september, nema sérstaklega standi á.

Nýtt sumarið 2005

Svignaskarð, Borgarfirði

Lýsing: Í húsinu eru 3 svefnherbergi, setu- og borðstofa með eldhúskrók og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss og sængur eru fyrir átta manns. Eldhúshöld, borðbúnaður og flest nauðsynlegustu tæki til heimilishalds eru í bústaðnum, auk útvarps- og sjónvarpstækis. Við húsið er jafnframt heitur pottur.

Á svæðinu er þjónustumiðstöð, þar er umsjónarfolk sem reynir að leysa úr vanda sem upp kann að koma og veita almennar upplýsingar. Í þjónustumiðstöðinni er setustofa m/sjónvarpi, peningasími sem opinn er allan sólarhringinn, einnig er þvottavél og þurrkari til afnota fyrir gesti, baðaðstaða og sauna-bað. Auglýstur opnunartími hangir uppi í þjónustumiðstöðinni. Sundlaug er í Varmalandi í um 7 km fjarlægð og verslun er í Baulu um 3 km frá orlofshúsunum. Um 30 km er til Borgarness, en þar er miðstöð samgangna og þjónustu fyrir mjög stórt svæði. Þar er m.a. sundlaug og gólfvöllur auk Safnahúss Borgarfjarðar.

Skiptidagar: Afhending hússins til komugesta er kl. 17 til



22 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhentir í þjónustumiðstöð Svignaskarðs kl. 17-22.

Okkar álit: Glæsilegt hús á góðum stað, en frá Svignaskarði er mög víðsýnt yfir sveitina. Margir sögufrægir staðir eru í nágrenninu sem vert er að skoða og víða er boðið til ýmissar afþreyingar svo sem hestaferða og veiði í vötnum.

Upplýsingar fást í þjónustumiðstöðinni.



umsjónarmanni í þjónustumiðstöð. Hægt er að kaupa þrif í lok vikuleigu fyrir kr. 1.000.- (afþurrkun, þrif á gólfum og snyrtingu). Á svæðinu er sundlaug með heitum potti, minigolf, barnaleikvöllur og lítil verslun.

Skiptidagar: Húsin leigjast í eina viku í senn. Afhending húsanna til komugesta er milli kl. 17 og 21 á föstudögum, en dvalargestir þurfa að afhenda húsið eigi síðar en kl. 15 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni á Illugastöðum.

Okkar álit: Klassískur fjölskyldustaður eins og hann gerist bestur hér á landi. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

Vetrarleiga: Orlofshúsin á Illugastöðum eru einnig leigð yfir vetrarmánuðina, en þá er um sólarhringsleigu að ræða.

Illugastaðir: Hús nr. 12 og 19

Lýsing: Tvö ný hús í sumarhúsabyggðinni á Illugastöðum í Fnjóskadal, þetta eru bjálkahús byggð árin 2001 og 2002. Í hvoru húsi eru tvö svefnherbergi, vel búð eldhús, stofa og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir sex manns í hvoru húsi og að auki eru svefnsófar í stofu. Rúmföt fylgja án líns, sem hægt er að leigja á staðnum fyrir kr. 400 settið fyrir vikuna hjá

Vorið 2004 var tekin í notkun nýinnréttuð neðri hæð í húsinu númer 19 á Illugastöðum. Þar er nú gufubað, heitur pottur og önnur hreinlætisaðstaða. Á hæðinni er einnig svefnpláss fyrir tvo auk eldunaraðstöðu.

Húsið er leigt í einu lagi og þar er svefnpláss fyrir 10 manns. Það er því tilvalið fyrir stórfjölskylduna en hentar ekki síður minni hópum.

Laufskáli, Aðaldal

Lýsing: Sumarbústaður í landi Núpa, í hrauninu nálægt Aðaldalsflugvelli. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, stofa, vel búð eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnrými er fyrir sex manns. Rúmföt fylgja, án líns.

Við húsið eru leiktæki fyrir börn sem og barnahús.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn og er tilbúið til afhendingar kl. 16 á föstudögum, en dvalargestir þurfa að af-

henda húsið kl. 14 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Vel staðsett sumarhús, náttúrufergurð og margir valkostir í ferðum og afþreyingu.





Orlofsbyggðin

Flókalundi, Vatnsfirði

Lýsing: Þessi staður var í fyrsta sinn í boði fyrir félagsmenn FVSA síðastliðið sumar og naut vinsælda. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, með alls fimm til sex svefnplássum, stofa, eldhús með öllum algengustu eldhústækjum eins og hellu með ofni og örbylgjuofni. Sjónvarp er í húsinu og sundlaug með heitum potti er einungis til afnota fyrir gesti sem dveljast í orlofshúsabyggðinni.

Skiptidagar: Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 14 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni orlofsbyggðarinnar.

Okkar álit: Skemmtileg staðsetning og rómuð veður-sæld. Ýmsir möguleikar í dagsferðum, gönguferðum, fjöruferðum og þannig mætti áfram telja.

Skógarsel, Vaglaskógi

Lýsing: Skemmtilega staðsett sumarhús á bökkum Fnjóskár og í miðjum Vaglaskógi. Í húsinu eru tvö svefnherbergi, góð stofa, eldhús með öllum búnaði, baðherbergi og sturta. Gistiaðstaða er fyrir átta manns. Rúmföt fylgja en án líns.

Við húsið er stór heitur pottur með nuddi. Umhverfis húsið er stór girtur garður og í honum er barnaleiktæki og barnahús.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 14 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Frábært umhverfi, veðursæll og rómaður staður fyrir fjölskylduna. Hægt er að tjalda á lóðinni og því er þetta staður stórfjölskyldunnar.



Útgarður 6, Egilsstöðum

Lýsing: Þriggja herbergja íbúð í fjölbýlishúsinu Útgarði 6, annarri hæð. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi, stór stofa, eldhús með öllum búnaði og baðherbergi með sturtu og baði. Einnig er þvottahús í íbúðinni. Gistirými er fyrir sex manns.

Húsið í heild lítur mjög vel út, það er með stórum svölum með sólhúsgögnum og mjög gott útsýni er frá staðnum.

Skiptidagar: Íbúðin leigist í eina viku í senn. Afhending íbúðarinnar til komugesta er kl. 16 á föstudögum en dvalargestir þurfa að rýma hana eigi síðar en kl. 14 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA. Í neyð er hægt að fá lykla á skrifstofu Verslunarmannafélags Austurlands.

Okkar álit: Þægilegur staður í hjarta Austurlands með mikla möguleika á dagsferðum í allar áttir. Mikil afþreying er á þessu svæði.



Orlofsbyggðin Ölfusborgum

Lýsing: Sumarhús í helmingsseign félagsins á móti verslunarmönnum á Ísafirði. Vel búið hús á skemmtilegum stað, með tvö svefnherbergi og á staðnum er gistimöguleiki fyrir sex til átta manns. Rúmföt fylgja með án líns en hægt er að leigja rúmföt á staðnum. Eldhús með öllum búnaði, góð stofa og baðherbergi með sturtu. Heitur pottur er við húsið og leiktæki eru fyrir börn á útsvæði. Stutt er í Hveragerði þar sem er verslun, ýmis þjónusta og afþreying.

Skiptidagar: Húsið leigist í eina viku í senn. Afhending hússins til komugesta er milli kl. 15 og 21 á föstudögum en dvalargestir þurfa að afhenda húsið kl. 12 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast hjá umsjónarmanni í Ölfusborgum.

Okkar álit: Góður orlofskostur í grónu sumarhúshverfi. Margir möguleikar í ferðum um Suður- og Suðvesturland.



Ljósheimar 6, Reykjavík (tvær íbúðir)

Lýsing: Tvær þriggja herbergja íbúðir í Ljósheimum 6, sjöttu og sjöundu hæð. Íbúðirnar eru vel búnar og vistlegar. Tvö svefnherbergi eru í hvorri íbúð, góð stofa, vel búið eldhús og baðherbergi með sturtu. Rúmföt fylgja og lín á þau. Gistiaðstaða er fyrir sex manns í hvorri íbúð.

Skiptidagar: Íbúðirnar eru leigðar viku í senn og skipt á miðvikudögum. Íbúðirnar eru til afhendingar kl. 16 en dvalargestir þurfa að skila íbúðunum kl. 14 á skiptidögum.

Lyklar: Afhendast á skrifstofu FVSA.

Okkar álit: Sívinsælar íbúðir, enda vel staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Verslunarmiðstöðin í Glæsibæ er rétt við húsið og stutt í Laugardalinn, Skeifuna og fleiri staði.



Eini staðurinn á landinu þar sem bensín-afgreiðslumenn eru í verslunarmannafélagi

Bensínafgreiðslumenn eru hvergi í félagi verslunar- og skrifstofufólks nema á Akureyri. Af því tilefni var haft samband við einn þeirra og varð Kjartan Sigurðsson, trúnaðarmaður starfsmanna í ESSO Leirunesti, fyrir valinu. Hann segist ekki vita hvers vegna málum sé svona háttáð vegna þess að bensínafgreiðslumenn á Akureyri hafi verið í félaginu frá því áður en hann hóf störf í Leirunesti. „Að mínu mati er það eðlilegra að vera í Félagi verslunar- og skrifstofufólks heldur en í Einingu-Íðju vegna þess að störf okkar í dag eru svo að segja hrein afgreiðslustörf. Það er af sem



Kjartan á bak við afgreiðsluborðið hjá ESSO í Leirunesti.

áður var að starfsmennirnir séu allan daginn úti að dæla bensíni á bílana, fólk er farið að gera það meira og minna sjálf. Bensínstöðvarnar hafa líka þróast í þá átt að nú má segja að þær séu ekkert annað en litlar verslanir sem bjóða upp á mun meira úrval heldur en bara vörur í tengslum við bílinn,“ segir hann.

„Ég veit að bensínafgreiðslumenn syðra hafa eitthvað verið að hugsa sér til hreyfings á milli félaga. Í gamla daga voru þeir í Dagsbrún og af þeim sökum eru þeir nú innan raða stéttarfélagsins Eflingar,“ segir Kjartan Sigurðsson.

Allir eiga rétt á launaviðtali

Launaviðtal er nokkuð sem allir félagsmenn FVSA eiga rétt á samkvæmt kjarasamningum. Launaviðtal skal fara fram einu sinni á ári og geta vinnuveitendur haft frumkvæði að því en algengast er þó að launþegar þurfi sjálfir að fara fram á slíkt.

Í launaviðtali ber að ræða alla þætti sem snúa að starfsumhverfi viðkomandi starfsmanns og þar á meðal sjálf launin. Ekki þarf endilega að vera um beina launahækkun að ræða, heldur geta bætt kjör falist í mörgu öðru. T.d. auknum orlofsrétti, stöðuhækkun eða auknum áhrifum á ákvarðanatöku innan fyrirtækis, svo eitthvað sé nefnt. Reynslan sýnir að vel undirbúið launaviðtal og góður rökstuðningur launþega fyrir leiðréttingum á launum er besta leiðin til að ná árangri. Dæmin sanna að launaviðtöl geta svo sannarlega skilað árangri.

FVSA vill beina því til félagsmanna að nýta sér þessi réttindi og bendir á að hægt er að afla sér upplýsinga á



Frá öðru af tveimur námskeiðum sem FVSA hélt nýlega til að búa félagsmenn sína sem best undir launaviðtöl.

skrifstofunni um hvernig best er að standa að slíku launaviðtali.

Vel sótt námskeið

Nýlega stóð félagið fyrir námskeiði sem ætlað var til að gera félagsmenn FVSA hæfari til að fara í slík launaviðtöl. Félagsmenn tóku vel við sér og vegna gríðarlegrar þátttöku varð að halda tvö námskeið. Námskeiðin voru félagsmönnum að kostnaðarlausu en dregnir voru frá punktar úr starfsmenntasjóði af viðkomandi félagsmanni.

Trúnaðarmenn gegna mikilvægu hlutverki

Stefán Jónsson er trúnaðarmaður starfsmanna Húsa-smiðjunnar og hefur gegnt því starfi frá því í september í fyrra. „Ég var kosinn af starfsmönnum. Ég bauð mig nú reyndar ekki fram en sagði að það mætti alveg kjósa mig ef menn vildu, en í raun voru allir starfsmenn fyrirtækisins í kjöri. Það hefur ekki reynt mikið á mig, sem betur fer, en auðvitað er alltaf eitthvað smávægilegt sem kemur upp þessu tengt. Það er þá einna helst í sambandi við eftirvinnutíma og veikindarétt,“ segir Stefán.

„Ef eitthvað kemur upp, reynir maður að bregðast við því á staðnum, en ef maður finnur ekkert í skruddunum þá talar maður við þær á skrifstofunni. Þær eru allar af vilja gerðar til að aðstoða þegar til þeirra er leitað.“

Trúnaðarmannanámskeið

„Ég er búinn að fara á tvö trúnaðarmannanámskeið frá því ég byrjaði. Það fyrra var skömmu fyrir áramót þar sem verið var að kynna hvert starf okkar væri, en á seinna námskeiðinu, sem haldið var um daginn, var meiri útlekking á því hvaða mál gætu komið upp á og hvernig ætti að bregðast við þeim,“ segir hann.

„Ég tel að starf trúnaðarmanns sé mjög mikilvægt. Það er mjög gott fyrir starfsmenn að hafa einhvern á



Stefán Jónsson, trúnaðarmaður starfsmanna í Húsa-smiðjunni að Lónsbakka.

staðnum sem hægt er að leita til ef einhver vandamál koma upp. Þá þarf það ekki sjálft að vera að brasa í þessum málum,“ segir Stefán að lokum.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

Stjórn FVSA vill hvetja félagsmenn sína til að kjósa trúnaðarmann á vinnustaðnum ef þar er ekki starfandi trúnaðarmaður, en vinnustaðir þar sem starfa fimm eða fleiri eiga rétt á að hafa trúnaðarmann.

„Trúnaðarmaður er í raun tenging við félagið og okkur í félaginu finnst það mjög mikils virði að á hverjum vinnustað sé einstaklingur sem sinni þessu starfi,“ segir Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður félagsins. Hún vill líka hvetja félagsmenn til að vera í sambandi við félagið og koma við á skrifstofunni. „Ef við vitum ekki af vandamálunum þá höldum við að engin slík séu til staðar. Hlutverk okkar er að þjónusta félagsmennina og því eiga þeir að leita til okkar með vandamál sín.“

Niðurgreiddir tjaldvagnar

Félagsmenn eru minntir á að FVSA niðurgreiddir tjaldvagnaleigu. Greiddur er helmingur af vikuleigu, þó að hámarki krónur 12.000. Skila þarf reikningum til skrifstofu félagsins til að fá endurgreiðslu.



Stefán (annar f.v.) ásamt tveimur félögum sínum í FVSA og einum félagi í Félagi byggingamanna, Eyjafirði, í hópvinnu á trúnaðarmannanámskeiði sem félögin tvö héldu fyrir stuttu.

Standist þrýsting!

Dæmin sýna að launþegar geta staðið frammi fyrir því að vinnuveitendur þrýsti á um gerð fastlaunasamninga, ráðningarsamninga eða starfslokasamninga. Mikilvægt er að launþegar skrifi ekki undir samninga nema að vel athuguðu máli og að höfðu samráði við stéttarfélag sitt. Slíkt hafa launþegar fulla heimild til að gera og eiga að notfæra sér þann rétt.

Orlofsuppbót

Starfsfólk sem hefur áunnið sér fullan orlofsrétt með starfi hjá sama vinnuveitanda næstliðið orlofsár og er í starfi síðustu viku apríl eða fyrstu viku maí, skal við upphaf orlofstöku eða eigi síðar en 15. ágúst fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, kr. 16.500 frá 1. maí 2005 miðað við fullt starf en hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Starfshlutfall miðast við fasta reglubundna vinnu, þó að hámarki 39,5 stundir hjá afgreiðslufólki og 37,5 stundir hjá skrifstofufólki á viku. Fullt starf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof.

Orlofsuppbót vegna áunnins tíma

Láti starfsmaður af störfum vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelldu starfi á orlofsárinu skal hann við starfslok fá greidda orlofsuppbót vegna áunnins tíma, miðað við starfshlutfall og starfstíma. Sama gildir þótt starfsmaður sé frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskýldu



Orlofsuppbót skal greidd eigi síðar en 15. ágúst nk. Myndin er tekin í verslun Bónuss á Akureyri og sýnir glögg að ofi er mikið annríki í störfum félagsmanna FVSA.

vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að sex mánuðum.

Heimilt er með samkomulagi milli starfsmanns og vinnuveitanda að fella niður eða lækka orlofs- og/eða desemberuppbót og veita samsvarandi frí í staðinn, sem tekur mið af launum hvers og eins. Frí þetta skal veita í heilum eða hálfum dögum.

Orlofsuppbót er föst tala og tekur ekki launabreytingum skv. öðrum ákvæðum og á hana greiðist ekki orlof.

Ný stjórn og fulltrúaráð kjörin á aðalfundi

Formannsskipti urðu í félaginu á aðalfundinum sem haldinn var fyrir skemmstu. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, fráfarandi varaformaður félagsins, var kjörin formaður í stað Páls H. Jónsson, sem gaf ekki kost á sér til endurkjörs en á áfram sæti í stjórn félagsins.

Einungis einn listi kom fram við stjórnarkjör og var stjórnin því sjálfkjörin. Í henni eiga sæti: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA; Páll H. Jónsson, Hafnasamlagi Norðurlands; Einar Hjartarson, Eimskip; Reynir Svanholt, Esso og Friðbjörg Jóhannsdóttir, Samkaupum, Dalvík. Í varastjórn eru Elísabet Hallgrímsdóttir, Bókabúð Jónasar; Hildur Tryggvadóttir, Húsasmiðjunni og Svavar Hannesson, Norðlenska.

Skoðunarmenn reikninga félagsins voru kjörnir þeir Gylfi Pálsson, Fódursölunni-Bústólpa, og Eiður Eiðsson Kjarnafæði. Til vara var kjörinn Magnús Kristinsson, Valgarði-Ekranni.



Stjórn FVSA 2005-2006, efri röð f.v.: Einar Hjartarson, Friðbjörg Jóhannsdóttir og Reynir Svanholt. Neðri röð f.v.: Páll H. Jónsson og Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.

Fulltrúaráð

Aðalmenn og varamenn í Fulltrúaráð félagsins voru einnig kjörnir á fundinum.

Fulltrúaráð

Erla Bjarnadóttir, Samkaup Hrísalundi

Árni Þorvaldsson, Byko

Laufey Ingadóttir, Samkaup Netto

Margrét Guðmundsdóttir,

Penninn-Bókval

Júlija Sjöfn Sigurjónsdóttir,

Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.

Þórdís Bjarnadóttir, Höldur

Eiður Stefánsson,

Flugfélag Íslands

Ásgerður Arnardóttir,

Bakaríð við brúna

Guðmundur Kristjánsson,

Húsasmiðjan Dalvík

Steindór Hermannsson, Skeljungur

Sigurlaug Hinriksdóttir, Samkaup Byggðavegi

Nína G Ingvarsdóttir, Hagkaup

Varamenn í fulltrúaráð

Óskar Óskarsson, Samkaup Hrísalundi

Gíslína Benediktsdóttir, Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co.

Erna Magnúsdóttir, BSO

Heiðar K Ólafsson, Samkaup Netto

Anna María Elíasdóttir, Þormóður Rammi, Ólafsfirði



Úlfhildur Rögnvaldsdóttir.



Páll H. Jónsson